

Skólanámskrá Víkurskóla 2025-2026

Enska

Kennarar: Renate Brunovska

Grunnþættir menntunar

Hér að neðan eru linkar í rit um grunnþætti menntunar



Enska við lok 10. bekkjar		
Námsþættir	Hæfniviðmið nemandi getur:	Námsleiðir
Hlustun og áhorf Frásagnir og kynningar Fjöl- og myndmiðlar Greining upplýsinga	- skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt - fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt - hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.	- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum og skilið vel munnleg fyrirmæli og sýnt t.d. skilning sinn á efni eða með því að fylgja röð munnlegra leiðbeininga. - horft á, hlustað og endursagt munnlega og/eða skriflega efni eða svarað spurningum úr fjölmiðlum t.d. um menningu.
Lestur og lesskilningur Greining aðalatriða	aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu	lesið fjölbreytilegt efni og texta eftir áhugasviði með mismunandi lestraraðferð t.d. leitar-, yfirlits-, nákvæmnis- eða hraðlestri eftir eðli verkefnis.

Rauntexar Bókmenntir Aðrar námsgreinar Orðaforði	- lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt. - lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta - lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum - lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum	- lesið fjölbreytta texta og sýnt skilning t.d. með endursögn, í verkefnavinnu, tjáningu eða svörum um efnið. - lesið smásögur og skáldsögur til að nýta m.a. við skrif á kjörbókarritgerð. bókagagnrýni, skrifa í hlutverki persóna eða skrifa til persónu í bók, ritunarverkefni eða við annars konar frásögn. t.d. í para- eða hópavinnu.
Samskipti Óformlegt samtal Almenn samskipti Samræður	- tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orðasambönd úr daglegu máli - tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum - tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós	- haldið uppi samræðum og skipst á skoðunum við aðra á vel skiljanlegan hátt t.d. í gegnum samtalsæfingar og hlutverkaleiki í para- eða hópvinnu. - tekið þátt í umræðum með viðeigandi kurteisisvenjum og beitt þeim í samræðum og getur umorðað efni þegar rekur í eyðurnar í samskiptum við samnemendum og/eða kennara m.a. í hlutverkaleik, með ferðakynningu eða leiknum æfingum. - sagt bekkjarfélögum /kennara frá eigin upplifun t.d. af ferðalögum, áhugamálum og öðru í þeirra lífi. - hlustað á og unnið eftir upplýsingum með viðeigandi viðbrögðum t.d. í paravinnu; spurt og svarað, stafsetningarupplestur, fylgja leiðbeiningum.
Frásögn Tjáning Frásögn og kynning	- tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum - flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum	- samið og flutt æfðan texta með öryggi, út frá handriti eða frá eigin brjósti fyrir framan aðra t.d. með stuttmynd, með tónlist, glæru- eða myndbands-kynningu, - tjáð sig um efni þar sem hann beitir tungumálinu af nákvæmni t.d. í

Flutningur Framsögn	- samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra - beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi	bekkarumræðum. tjáð sig um kunnuglegt efni, einn eða með fleirum, þar sem hann greinir frá skoðunum, rökstyður og svarar óundirbúnum spurningum.
Ritun Samfelldur texti Málnotkun Endursögn Persónuleg reynsla Skapandi ritun	- skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum - sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi - skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt - skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða - samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflað fá að njóta sín	- skrifað samfelldan texta sem sýnir góða færni í tungumálinu. - skrifað ýmsar gerðir af textum s.s. bréf með mismunandi tagi s.s. tölvupóst, kvörtunarbréf og/eða umsókn. - skrifað efni frá eigin brjósti um mál sem eru honum hugleikin. - skrifað samfelldan skiljanlegan texta eftir eigin vali á framsetningu þar sem t.d. er stuðst við hugarkort, myndasögu, tímaás, ljósmynd, hlut, eigin upplifun, náttúruna o.s.frv.
Menningarläsi Samfélag Fjölbreytileiki Skyldleiki og afbrigði tungumála	- sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins - gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og áhrifum fordóma - getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins	- sýnt þekkingu sína á ensku þjóðfélög t.d. á veggspjald, í bækling eða með munnlegri frásögn. - gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna enskumælandi fólks t.d. í verkefnavinnu, glærukynningu eða á veggspjaldi. - lesið eða hlustað á hljóddæmi með mismunandi mállysku og greint hvað einkennir hverja m.a. með því að svara fjölvalsspurningum.